

Þjónusta (/thjonusta) > Skipulagsmál (/thjonusta/skipulagsfulltrui)

> Skipulag í kynningu (/skipulag-i-kynningu) > **BÚSTAÐAVEGUR 151-153 (SPRENGISANDUR) – LÝSING**

BÚSTAÐAVEGUR 151-153 (SPRENGISANDUR) – LÝSING

Lýsing (/hverskonar-kynning/lysing)

Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að sveitarstjórn skuli taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem fram komi áherslur deiliskipulagsgerðar þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er reiturinn skilgreindur sem þróunarreitir Þ59. Sprengisandur: „Verslun, þjónusta, stofnanir, léttur iðnaður. Veitingastarfsemi og þjónusta sem einkum þjónar nærliggjandi hverfi.“

Í gildi er deiliskipulag fyrir Bústaðaveg 151, samþykkt í skipulagsráði 4. maí 2005. Markmið deiliskipulagsins voru að ákvarða til skemmri tíma notkun lóðanna þar sem að ljóst var að endurskoða þyrfti skipulag þeirra innan fárra ára m.t.t. þess að gert var ráð fyrir mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýsamþykktu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 hefur verið fallið frá gerð mislægra gatnamóta á svæðinu. Farið verður með uppbyggingu svæðisins sem breytingu á því skipulagi.

Markmið með endurskoðun deiliskipulagsins er að vinna tillögu að nýju atvinnusvæði með verslun og þjónustu sem einkum þjónar nærliggjandi hverfi. Mikilvægt er að ný uppbygging taki tillit til byggðarmynsturs aðliggjandi byggðar og verði í sem mestri sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Skilgreina þarf byggingareiti og setja fram skilmála fyrir hæðir húsa, landnotkun og nýtingarhlutfall. Einnig þarf að skoða mögulegar umferðarlausnir við aðkomuna að lóðinni við gerð deiliskipulagsins, tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna grænna svæða og greina bílastæðapörf. Settir verða skilmálar um gróður, hjólageymslur, hjólastæði, sorpgeymslur og fleira sem fram kann að koma við gerð deiliskipulagsins.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið skipulag@reykjavik.is (mailto:skipulag@reykjavik.is) fyrir 30. nóvember 2015.

VALMYND

BÚSTAÐAVEGUR 151-153 (SPRENGISANDUR) – LÝSING
(/bustadavegur-151-153-sprengisandur-lysing)

Tímabil:

09.11.2015 to 30.11.2015

Tengd skjöl:

 bustadavegur_151-153_lysing.pdf
(http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/bu153_lysing.pdf)

Þarfnast þessi síða lagfæringar?

Ef þú vilt koma einhverju á framfæri sem varðar innihald síðunnar: *

Netfang